

## 43. fundur skipulags- og byggingarnefndar

### FUNDARGERÐ

**2. febrúar 2023**  
**Breiðabliki kl. 16:00**

Mætt voru:

Þröstur Aðalbjarnarson, Hrefna Birkisdóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir í stað Atla Sveins Svanssonar, Kristín Þorleifsdóttir Skipulagsfulltrúi og Þuríður Gía Jóhannesdóttir, starfsmaður umhverfis- og skipulagssviðs.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### Mál til afgreiðslu

#### 1. Borgarholt - stofnun lóðar

Lögð er fram til afgreiðslu umsókn frá Direkta lögfræðiþjónustu vegna stofnun lóðarinnar Brekku við Brekkuhól úr jörðinni Borgarholti L136125.

*Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti erindi Direkta lögfræðiþjónustu um stofnun lóðarinnar Brekku úr jörðinni Borgarholti og leggur til að hreppsnefnd samþykki stofnun lóðarinnar.*

#### 2. Kolviðarnes - viðbygging

Lögð er fram til afgreiðslu umsókn um viðbyggingu við anddyri íbúðarhúss. Um er að ræða um 5,6 m<sup>2</sup> bíslag á austurhlið húsnæðis við Kolviðarnes.

*Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarheimild, að uppfylltum skilyrðum 2.3.8. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, m.s.br.*

#### 3. Deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð og hesthús við Laugargerði

Lögð er fram til afgreiðslu drög að beiðni sveitarfélagsins til forsætisráðuneytisins um undanþágu forsætisráðherra frá ákvæðum skipulagsreglugerðar, sbr. 2. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna nálægðar íbúðarbyggðar og hesthúsa við Þjóðveg. Sótt er um undanþágu frá lið d í gr. 5.3.2.5 um fjarlægð milli bygginga og vega og gr. 5.3.2.14 um skipulag við vötn, ár og sjó í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Jafnframt eru lagðar fram til umfjöllunar viðbótarumsagnir sem óskað var eftir skv. ábendingu Skipulagsstofnunar eftir auglýsingu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að sveitarfélagið sendi forsætisráðuneytinu beiðni um undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar lið d í gr. 5.3.2.5 um fjarlægð milli bygginga og vega og gr. 5.3.2.14 um skipulag við vötn, ár og sjó í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Nefndin samþykkir jafnframt fyrir sitt leyti minniháttar breytingar á deiliskipulagi sem koma til móts við athugasemdir umsagnaraðila umsagnaraðila í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.*

### Mál til kynningar

#### 4. Laugargerðisskóli - Ástandsskoðun byggingarfulltrúa

Lögð fram til kynningar ástandsskýrsla byggingarfulltrúa eftir skoðunarferð sem hann fór í þann 20. október sl. með oddvita og formanni skipulags- og byggingarnefndar.

*Bókun: Lagt fram*

#### 5. Málefni sviðsins - Byggingarfulltrúi

Byggingarfulltrúi hefur nú látið af störfum en ekki hefur enn verið ráðið í hans stöðu. Sbr. bókun hreppsnefndar frá 24. janúar sl. þá var oddvita falið að semja við verkfræðistofu um vinnslu málefna, þar til nýr byggingarfulltrúi hefur verið ráðinn.

*Bókun: Lagt fram*

### Önnur mál í vinnslu á umhverfis- og skipulagssviði (til upplýsingar)

- Miðhraun 2 - deiliskipulag vegna frístundahúsa, þjónustuhúsa og fjárhúsa.
- Miðhraun 2 - deiliskipulag vegna baðlóns.
- Breiðablik umhverfisbætur.
- Önnur málefni sviðsins.
- Til umræðu - Hvatning til jarðareigenda til þess að mæla upp og skrá jarðamörk þar sem þess er ábótavant.

Fundargerð lesin upp og samþykkt  
Fundi slitið kl. 17.15